

47 stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem eru sendar til landsins í pósti, og annað, 15. júní er snertir framkvæmd laganna. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1927 og gilda til 1. jan. 1929.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Þorláksson.

48
15. júní

LÖG

um

**heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar
Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelögunum Dansk-íslandsk Anlægsselskab í Kaupmannahöfn og Íslands Salt- & kemiske Fabrikker í Reykjavík sjerleyfi til:

1. Að virkja Dynjandisá, Svíná, Mjólkurárnar og Hofsa í Arnarfirði. Leyfið felur í sjer heimild til að gera vatnsmiðlunarvirki í ám þessum og lækjum eða vötnum, er þær eru í sambandi við eða heppilegt þykir að miðla vatni í vegna fyrirtækja þeirra, er í lögum þessum getur, þar á meðal hækka eða lækka vatnsbotn eða farveg, gera vatnsrásir ofan jarðar eða

- neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orkuveri, sbr. 48
 2. tölul., og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem nauðsyn krefur 15 júní
 til að ná úr því orku þess, og svo sem samrýmast má landslögum. Gert
 er ráð fyrir, að virkjaðar verði alt að 40 þúsund hestorkum.
2. Að reisa orkuver í Arnarfirði, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem
 í 1. tölul. segir, í raforku, og starfrækja það eða þau.
 3. Að leiða raforku frá orkuveri eða orkuverum þeim, er í 2. tölul. greinir,
 til Önundarfjarðar um þá staði og með þeim hætti, er best þykir henta,
 til afnota í iðjuveri eða iðjuverum þeim, er í 4. tölul. getur.
 4. Að reisa iðjuver í Önundarfirði til máhbræðslu, leirbrenslu, saltþjeturs-
 vinslu eða til annarar iðju eða hagnýtingar efna úr námum þeim, er ofan-
 nefnd fjelög hafa nú heimild á tekið, eða kunna síðar að eignast, og vinna
 má með orku þeirri, er lög þessi greina.
 5. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki frá iðjuveri eða iðjuverum til sjáv-
 ar og þangað, sem námur fjelaganna eru, svo og til að gera höfn, bryggj-
 ur eða skipalægi, eftir því sem nauðsyn krefur til starfrækslu iðjuvera
 eða náma.
 6. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi eða netlögum, svo og að
 leggja kvaðir á land eða netlög, að því leyti sem nauðsynlegt er til að
 koma fyrirtækjum þessum í framkvæmd, sem í 1.—5. tölul. segir, enda
 komi fult endurgjald fyrir.

2. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa varnarþing á Íslandi, enda hafi hann hjer bú-
 settan umboðsmann, er birta megi stefnu og svári til saka fyrir dómi í mál-
 um á hendur leyfishafa, en að minsta kosti tveir fimtu hlutar stjórnarmanna
 skulu vera búsettir á Íslandi.

3. gr.

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki
 ráðherra komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi skilyrðum 2. gr.

4. gr.

Sjerleyfistími má vera alt að 60 árum.

5. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkis-
 sjóðs, útsvari og herra útflutningsgjaldi en nú er, eða öðrum samskonar gjöld-
 um, er á kunna að verða lögð. Í stað þess skal hann gjalda af fyrirtækinu
 eða fyrirtækjunum 3 krónur árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 3 árin,
 en síðan 5 krónur árlega af hverri nýttri hestorku. Gjald þetta skiftist þannig
 milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, að ríkissjóður hlýtur tvo þriðju hluta, en

48 sveitarsjóður þriðjung. Ef fyrirtækið er útsvarsskylt í fleirum en einum hreppi, 15. júní skiftist sveitarsjóðshlutinn milli þeirra í hlutfalli við fólksfjölda.

Sú raforka, sem seld er til almennings samkvæmt sjerleyfislögum, skal þó undanþegin þessu árgjaldi.

6. gr.

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sjerleyfislögum, og skal þó verð árshestorkunnar ekki fara fram úr 50 krónum.

7. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á mannvirkjum þeim, sem í 1. gr. segir, innan 4 ára frá dagsetningu sjerleyfis og hafa lokið þeim innan 9 ára frá sama tíma. Ráðherra getur framlengt fresti þessa um alt að 1 ári hvorn.

8. gr.

Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á. m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti, sem ekki er um mælt í lögum þessum. Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þessum lögum eða landslögum, og skal þá hæstirjettur einn dæma það mál. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með þeim hætti, sem í sjerleyfislögum greinir.

9. gr.

Nú er heimild sú, er felst í lögum þessum, ekki notuð innan ársloka 1928, og falla þá lögin úr gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.